


ÚR AÐALSKIPULAGI ÞINGEYJARSVEITAR 2010-2022
STAÐFEST AF UMHVERFISRÁÐHERRA 20.JÚNÍ 2011




BREYTING Á AÐALSKIPULAGI ÞINGEYJARSVEITAR
2010-2022. MKV. 1 : 100.000




SKÝRINGARMYND, NÝTT EFNISTÖKUSVÆÐI [ E-20A ]
RÉTT AUSTAN VIÐ LJÓSAVATN. MKV. 1 : 8.000

- landbúnaðarsvæði
- þéttbýli
- óbyggð svæði
- sv. á náttúruminjaskrá
- svæði f. frístundabyggð
- efnistökusvæði
- þjónustustofnanir (kirkja)
- vatnsveita

---

B R E Y T I N G Á A Ð A L S K I P U L A G I
Þ I N G E Y J A R S V E I T A R 2 0 1 0 - 2 0 2 2

G R E I N A R G E R Ð :

Fyrirhugaðar eru endurbætur á Hringvegi um vegamót Norð-austurvegar að Hrúteyjarkvísl á um 3 km. Gera á vegfláa flatari, endurbæta vegsvæði og breikka veginn.
Vegagerðin hefur því farið fram á að fá heimild til efnistöku á Ljósavatnsmelum við veg að Vatnsenda.

Í aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 sem samþykkt var af Umhverfisráðherra þann 20. júní 2011 er svæðið austan við Ljósavatn skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

Aðalskipulagsbreyting þessu felur í sér að lítið svæði rétt austan við Ljósavatn verður breytt í efnistökusvæði. Svæðið er í landi Kross og er það innan svæðis á náttúruminjaskrá.

Stærð efnistökusvæðisins er um 0,5 ha og gert er ráð fyrir að hér verði tekið upb. 10.000 rúmmetra af efni í fyllingar og vegfláa.

[ Eftirfarandi upplýsingar eru úr lýsingu Vegagerðarinnar >>> ]

DRÖG ÚR LÝSINGU VEGAGERÐARINNAR :

Ljósavatnsmelar

Fyrirhugað efnistökusvæði er fast upp við Vatnsendaveg (8662) í misgróinn mel. Gamalt efnistökusvæði er austan til í melnum, þar sem eru opnar gryfjur.

Næst núverandi vegi, nálægt brekkubrún sem snýr í átt að Djúpá, er land um 1,5 m hærra en núverandi vegur. Efni hefur verið tekið næst vegi í skeringu til að minnka snjósöfnun. Frekari efnistaka við veginn minnkar enn frekar hættu á snjó-söfnun á veginn og bætir því vetrarfærð.

Námulýsing

Náma í Ljósavatnsmelum er útvíkkuð skering í Ljósavatnsmelum í landi Kross og er í jaðri svæðis sem er á Náttúruminjaskrá. Náman er við Vatnsendavegi (8662) um 0,5 km frá vegamótum Hringvegar (1-q5).

Afmarkað svæði er um 5.100 m2 að flatarmáli og gert er ráð fyrir 2ja metra meðaldýpt. Svæðið er að mestu ógróið, en þó er þunn gróðurslikja sem þarf að skafa í burtu. Austan við tekur við uppgróið svæði ( tað, heyrúllur) þar sem moldarþykktin ásmt sverði er um 0,4 m.

Samkvæmt rannsóknargryfjum, sem grafnar voru niður á 2,5-3,7 m dýpi, er 0,2-0,4 m þykkt lag af mold/moldarblönduðu efni á yfirborði. Moldin er mest á algrónum svæðum. Þar undir tekur við lagskiptur misgrófur sandur, sem sums staðar er fínefna-blandaður og þéttur. Á nokkrum stöðum eru þunn malarlög. Staksteinar eru þó til staðar í efninu og eru allt að 0,3 m í þver-mál. Í sumum gryfjum var efnið mjög óstöðugt og hrundi en annars staðar var það mjög stöðugt.

Áætlað er að verktaki taki um 10.300 m3 af efni í námunni í fyllingar og fláa. Efnistaka verður útvíkkun á núverandi skeringu.

Í verklok verður námusvæði jafnað þannig að ekki myndist vantsuppistöður, það aðlagað óröskuðu landi með ávölum brúnum og ofanafýtingarmold af svæðinu jöfnuð yfir raskað efnistökusvæðið. Sáð verður í efnistökusvæðið að loknum frágangi.

Allur frágangur námunnar verður í samráði við landeiganda og fulltrúa sveitastjórnar og Umhverfisstofnunar.
Áætlað er að ganga frá námusvæðinu fyrrihluta sumars 2012.

---

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 2. mgr. 36. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 123 / 2010 var samþykkt í sveitarstjórn Þingeyjarsveitar

þann 28. júlí 2011

Sveitarstjórinn Þingeyjarsveit

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun

þann 23. ágúst 2011

SKIPULAGSSTOFNUN

Aðalskipulagsbreyting þessi er unnið hjá Mannviti, Húsavík, af Per Christensen, arkitekt FAÍ í samráði við Vegagerðina og sveitarstjórn Þingeyjarsveitar.
Kortagrunnur er aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022 og gögn frá Vegagerðinni. Hnitakerfi er ISN93

ÚTGÁFUFERILL

| NR: | DAGS: | SKÝRINGAR: | HA: | YF: | SÞ: |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | |
| | | | | | |
| | | | | | |
| | | | | | |
| | | | | | |
| | | | | | |

DAGS. UNDIRSKRIFTAR: NAFN OG KT. SAMRÆMINGARHÖNNUÐAR:

UNDIRSKRIFT SAMRÆMINGARHÖNNUÐAR:


MANNVIT
VERKFRÆÐISTOFA

GRENSÁSVEGI 1, 108 REYKJAVÍK, SÍMI: 422 3000, FAX: 422 3001
VEFFANG: www.mannvit.is NETFANG: mannvit@mannvit.is


HEITI VERKS:

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI
ÞINGEYJARSVEITAR 2010-2022

[ EFNISTÖKUSVÆÐI Á LJÓSAVATNSMELUM ]

HEITI TEIKNINGAR:

AÐALSKIPULAGSBREYTING

| TEIKNAÐ: PLC | BLAD NR. | N. BL. NR. | TÖLVUSKRÁ: | VNR: 1.681.240 |
|---|---|---|---|---|
| HANNAÐ: PLC | YFIRFARIÐ: | | MKV: 1 : 100.000 / A3 | NR. TEIKNINGAR: 01 |
| DAGS. UNDIRSKRIFTAR: | NAFN OG KT. HÖNNUÐAR: MANNVIT 430572-0169 | | | |
| UNDIRSKRIFT HÖNNUÐAR: | | | | ÚTGÁFA: 01 |